

Miðvikudaginn 6. maí 1942.

Nr. 30/1942. Réttvísinn og valdstjórnin (Theodór B. Línal)
gegn

Ragnari Martensen Lövdahl,

Jóni Bergi Jónssyni,

Gísli Kristjánssyni og

Helga Sumarliða Einarssyni

(Ólafur Þorgrímsson).

Fjárdráttur úr sjálfs hendi. Hlutdeild.

Dómur hæstaréttar.

Brot allra hinna ákærðu varða við 247 gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 22. gr. 1. málsg. um ákærðu Ragnar Lövdahl og Jón Berg Jónsson og 22. gr. 2. málsg. um ákærðu Helga Sumarliða Einarsson og Gísli Kristjánsson, og lög nr. 13/1941. Þykir mega staðfesta héraðsdóminn að öllu leyti með þessari athugasemd og svo, að greiðslufrestur sekta er ákveðinn 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum sakarlókum þykir verða að dæma hina ákærðu til þess að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 250 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að greiðslufrestur sekta verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Hinir ákærðu, Ragnar Martensen Lövdahl, Jón Bergur Jónsson, Gísli Kristjánsson og Helgi Sumarliði Einarsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theodórs B. Línals og Ólafs Þorgrímssonar, 250 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 22. nóv. 1941.

Ár 1941, laugardaginn 22. nóvember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3441—3414/1941: Réttvisin og valdstjórnin gegn Ragnari Martensen Lövdahl, Helga Sumarliða Einarssyni, Gísla Kristjánssyni og Jóni Bergi Jónssyni.

Málið er höfðað gegn ákærðum fyrir brot gegn 26. og 27. kafla hinna almennu hegningarlaga og lögum um viðauka við lög nr. 63 31. desember 1937 um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 13 5. maí 1941.

Málið var dómtekið hinn 7. þ. m.

Ákærðir eru: Ragnar Martensen Lövdahl, húsasmiðameistari, Njálsgötu 87, f. 25. marz 1910 í Reykjavík. Hinn 14. júní 1934 undirgekkst hann í lögreglurétti Reykjavíkur 15 króna sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur og hinn 23. nóvember 1938 undirgekkst hann 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

Helgi Sumarliði Einarsson, bifreiðarstjóri, Ljósvallagötu 28, f. í Kaldárseli í Grímsnesi 23. október 1913. Hegningarvottorð hans er svo látandi:

1932 $2\frac{1}{2}$ Sætt, 20 kr. sekt fyrir að brjóta brunaboða að ástæðulausu.

1935 $2\frac{1}{4}$ Kærður fyrir að aka bifreið á gangandi konu. Danske Lloyd greiddi skaðabætur.

— $\frac{5}{2}$ Kærður fyrir bifreiðaárekstur. Afgr. með skaðabótum.

— $2\frac{6}{3}$ Sætt, 15 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.

— $\frac{9}{4}$ Sætt, 10 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.

1936 $2\frac{8}{8}$ Sætt, 10 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.

1938 % Undir rannsókn út af ökuóhappi. Skýrsla send hlutaðeigandi váttryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málsóknar.

Gíslí Kristjánsson, verkamaður, Fálkagötu 16, fæddur í Bildudal í Suðurfjarðarhreppi 2. apríl 1899. Hann hefur ekki sætt kærú né refsingu.

Jón Bergur Jónsson, verkamaður, Vonarstræti 12, fæddur 15. júní 1900 í Vestmannaeyjum. Hinn 10. febrúar 1940 var hann sektaður í Vestmannaeyjum um 550 kr. fyrir brot á áfengislögunum og lögreglusamþykkt og hinn 30. júlí sama ár um 500 kr. sekt fyrir sams konar brot og 16. júní 1941 um 25 kr. fyrir sams konar brot. Hér í Reykjavík hefur hann sætt eftir töldum kærú og refsingum:

1922 $1\frac{9}{3}$ Sætt, 100 kr. sekt og 50 kr. skaðabætur fyrir ölvun og óspektir.

1924 $\frac{9}{10}$ Sætt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

- 1925 $1\frac{1}{2}\%$ Sætt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1939 $1\frac{1}{2}\%$ Kærður fyrir ölvun innan húss. Látið falla niður.
 — $1\frac{3}{4}\%$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1940 $\frac{8}{11}\%$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1941 $1\frac{1}{2}\%$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 — $\frac{4}{5}\%$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 — $1\frac{1}{4}\%$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Hinn 7. ágúst í sumar kom rannsóknarlögreglan því upp, að ákærður Ragnar Lövdahl, sem stóð fyrir byggingu tveggja húsa hér í bænum, hefði fengið nokkuð af sementi frá brezka setuliðinu hér. Rannsókn þessa mál fór fram samtímis hér fyrir réttinum og hjá herlögreglunni, eftir að henni hafði verið gert aðvart um þetta. Hefur herstjórnin tilkynnt réttinum, að hún hafi að lokinni rannsókn látið höfða mál fyrir herrarétti gegn tveim hermönnum, þeim liðsmanni Saunders og Lance-corporal Woodrow. Voru þeir báðir dæmdir til 9 mánaða fangelsisvistar fyrir að selja sement, sem var almenningseign og í þeirra varðveizlu.

Ákærður Ragnar Lövdahl, sem stóð í að byggja tvö íbúðarhús fyrir sjálfan sig, hefur játað að hafa fengið samtals 55 tonn af sementi frá Saunders og greitt honum 4 krónur fyrir pokann. Sementið fékk hann fyrir milligöngu ákærða Jóns Bergs Jónssonar, sem var í þjónustu setuliðsins og samverkamaður Saunders í sementsgeymslu hersins á Melunum.

Hefur ákærður Jón skýrt svo frá, að þeir hafi, hvor í sínu lagi, komið að máli við sig, Saunders um að selja sement og ákærður Ragnar um að fá sement keypt. Hafði hann því milligöngu um að kaup þessi færu fram þeirra í milli, stakk sjálfur upp á verðinu, tók við andvirðinu og var í tvö skipti viðstaddur afhendinguna. Afhendingin fór fram að aftöluðu máli í matarhléinu um miðjan daginn. Fyrir ómak sitt fékk ákærður Jón í sinni hlut helming andvirðisins.

Ákærður Jón hefur skýrt frá því, að auk ákærða Ragnars og ákærða Gísla, sem síðar getur, hafi ónafngreindir menn falað sement, en Saunders jafnan synjað kaupunum.

Ákærður Ragnar hefur haldið því fram, að hann hafi enga grein gert sér fyrir því, hvort setuliðsmaðurinn hafi haft heimild til þessara ráðstafana á sementinu eða ekki.

Þá hefur ákærður Ragnar viðurkennt að hafa fengið 24 $\%$ úr tunnu af sementi fyrir milligöngu meðákærða Helga Sumarliða Einarssonar. Fyrir þetta sement greiddi hann 20 krónur á tunnuna. Ákærður Helgi var að vinna við akstur í pípuverksmiðjunni, en þar vann L/Cpl. Woodrow, og kynntust þeir þannig, Woodrow fór fram á það við ákærðan, að hann seldi fyrir sig sement, og nokkru síðar spurði ákærður Ragnar um það, hvort hann gæti útvegað sér sement frá setuliðinu. Sagði ákærður Helgi honum frá

þessu, og var það upphaf kaupanna. Ákærður Ragnar hefur þó neitað því að hafa beðið ákærðan Helga að útvega sér sement og segir hann hafa boðið það fram, en sér hafi þó verið kunnugt um, að sementið væri frá setuliðinu. Sementinu ók ákærður Helgi frá pípuverksmiðjunni til Ragnars og tók fyrir það eina krónu á tunnuna og hafði ekki annað upp úr þessum viðskiptum. Hann heldur því fram, að hann hafi upphaflega talið Woodrow hafa heimild til að láta sementið af hendi, þar sem hann var yfirmaður þarna, en farið svo síðar að hugsa út í, að svo kynni ekki að vera, og kveðst þá hafa hætt þessari milligöngu.

Ákærður Gisli Kristjánsson hefur viðurkennt að hafa keypt 12 sementspoka úr birgðageymslu setuliðsins á Melunum. Hann kveðst hafa hitt ákærða Jón að máli og falað af honum sementsóp til smáviðgerðar, er hann vann við á húsi sínu. Ákærður Jón bauð honum þá að selja honum þessa 12 poka af sementi á 4 krónur pokann og bað hann að koma síðar á tilteknum tíma og sækja þá. Ákærður Gisli gerði það og greiddi Jóni sementið. Andvirðið afhenti Jón að hálfu til Saunders.

Ákærður Gisli hefur talið, að sér hafi ekki dottið í hug, þegar hann keypti sementið, að Jóni hefði verið þessi ráðstöfun heimildarlaus, þar sem hann bauð það fram, og fór í engar felur með þetta.

Verknaður ákærða Ragnars Lövdahd varðar að áliti réttarins við 254. gr. almennra hegningarlaga. Hann aflar sér sementsins úr tveimur áttum, notar það í atvinnu sinni, og bæði aðferðin við móttöku þess og framkoma hans undir rannsókn málsins þykir bera því augljóst vitni, að hann var sér þess meðvitandi, að ráðstöfun þess til hans var óheimil.

Verknaður ákærðs Jóns Bergs Jónssonar þykir einnig varða við sömu lagagrein. Þá hafa þeir og báðir gerzt sekir við 1. gr. laga nr. 13 1941.

Aftur þykir ekki verða talið, að verknaður ákærða Helga Sumarliða Einarssonar falli undir þau ákvæði hegningarlaganna, sem stefnt er fyrir. Eftir því sem fyrir liggur í málinu, virðist aðstoð hans vera gerð í greiða skyni, en ekki til hagnaðar sér. Ber því að sýkna hann af á kæru réttvisinnar í máli þessu. Hins vegar varðar brot hans við 1. gr. laga nr. 13 1941.

Verknaður ákærðs Gísla Kristjánssonar sem að framan er lýst, varðar við 263. gr. hegningarlaganna og 1. gr. laga nr. 13 1941.

Refsing ákærðu Ragnars Lövdahl og Jóns Bergs Jónssonar þykir hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi. Þeir skulu og samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærðu Helga Sumarliða Einarssonar og Gísla Kristjáns-

sonar þykir hæfilega ákveðin 300 kr. sekt. Vararefsing sektarinnar sé 18 daga varðhald.

Ákærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hrm., er ákveðast kr. 150.00.

Málið hefur verið rekið víðalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Ragnar Martensen Lövdahl sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærður Jón Bergur Jónsson sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærður Helgi Sumarliði Einarsson greiði 300 kr. sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella í 18 daga varðhaldi.

Ákærður Gísli Kristjánsson greiði 300 kr. sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella í varðhaldi í 18 daga.

Ákærðu Ragnar M. Lövdahl og Jón Bergur Jónsson skulu frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Ólafs Þorgrímssonar hrm., kr. 150.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 8. maí 1942.

Nr. 35/1942. Reykjavíkurbær (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Emil Rokstad (Lárus Fjeldsted).

Ágreiningur um veiðiréttindi í vatni og framleigu þeirra.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. apríl 1942, hefur krafizt þess, að viðurkennt verði með dómi, að stefndi hafi með afsalsbréfi 30. júní 1927 aðeins öðlazzt persónulegan rétt til silungsveiðar í fiskivötnum Elliðavatns og að framsal eða framleiga veiði-